



**Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps**  
**Fundargerð**

**Fundur nr. 280 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn fimmtudaginn 14. maí 2020 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.**

**Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekin utan auglýstrar dagskrár:**

**Ás og Hótel Dyrhólaey – Deiliskipulagstillaga.**

Lögð er fram til samþykktar tillaga um deiliskipulag vegna Ás og Hótel Dyrhólaey. Skipulagið var auglýst frá 28. mars 2020 til og með 8. maí 2020 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Minjastofnun Íslands og Vegagerðin.

Verður liður 7 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða*

**Mýrarbraut 13 – Breyting á deiliskipulagi.**

Lögð er fram til samþykktar breyting á deiliskipulagi á Mýrarbraut 13. Um er að ræða stækkun skipulagssvæðis og byggingarreits.

Verður liður 8 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða*

**Klettsvegur 7**

Skipulagsfulltrúi lagði fram tillögur að lóðamörkum fyrir lóð Klettsvegur 7.

Verður liður 9 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða.*

**Dagskrá fundarins:**

**I. Skipulagsmál:**

**1. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur – Vinnslusvæði.**

Victor Berg Guðmundsson f.h. LavaConcept Iceland ehf. lagði fram tillögu um staðsetningu vinnslusvæðis ásamt upplýsingum um fyrirhugað iðnaðarhúsnaði.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að svæði A*

**2. Bakkabraut - Víkurbraut**

Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að lóðamörkum fyrir lóðir Bakkabrautar 3, Bakkabrautar 6A, Bakkabrautar 5, Víkurbrautar 10 og Víkurbrautar 10A.

*Samþykkt samhljóða.*

Jónas Erlendsson vikur af fundi.

**3. Fagradalur – Umsókn um stöðuleyfi.**

Jónas Erlendsson sækir um stöðuleyfi fyrir gám við Fagradal, í samræmi við framlögð gögn.

*Samþykkt samhljóða.*

Jónas kemur aftur inn á fundinn.

**4. Hátún 6-8 – Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Ágúst Freyr Bjartmarsson f.h. íbúa Hátúns 6 og Hátúns 8 sækir um leyfi fyrir girðingu á lóðamörkum í samræmi við framlögð gögn.

*Samþykkt samhljóða.*

**5. Varnargarður við Víkurklett.**

Jóhann Guðlaugsson f.h. Framrásar ehf. um leyfi fyrir efnistöku fyrir framkvæmdum við varnargarð við Víkurklett.

Skipulagsnefnd veitir leyfi til efnistöku í námu við Kerlingardalsá (E 11), 7000 m<sup>3</sup> og í Víkurfjöru (E 1), 7000 m<sup>3</sup> vegna framkvæmda við varnargarð.

*Samþykkt samhljóða.*

**6. Framnes lóð L203945 – Umsókn um byggingarleyfi.**

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Jóhann Friðrik Klausen sækja um byggingarleyfi fyrir viðgerðir og endurbætur við Framnes í Mýrdalshreppi, í samræmi við framlögð gögn.

*Samþykkt samhljóða.*

**7. Ás og Hótel Dyrhólaey – Deiliskipulagstillaga.**

Lögð er fram til samþykktar tillaga um deiliskipulag vegna Ás og Hótel Dyrhólaey. Skipulagið var auglýst frá 28. mars 2020 til og með 8. maí 2020 og bærust engar athugasemdir en umsagnir frá Minjastofnun Íslands og Vegagerðin.

Umsögn barst ekki frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands innan tímamarka.

*Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

**8. Mýrarbraut 13 – Breyting á deiliskipulagi.**

Lögð er fram til samþykktar breyting á deiliskipulagi á Mýrarbraut 13. Um er að ræða stækkun skipulagssvæðis og byggingarreits.

*Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar og að óska eftir umsögnum. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

**9. Klettsvegur 7**


Skipulagsfulltrúi lagði fram tillögur að lóðamörkum fyrir lóð Klettsvegur 7.

*Samþykkt samhljóða.*


*Fundi slitið klukkan 18:23*




*Drífa Bjarnadóttir*




*Guðrún Hildur Kolbeins*




*Óðinn Gíslason*



*Kristján Þórðarson*



*George Frumuselu*



*Jónas Erlendsson*